



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Gullborg

2020 – 2021



Gleði, sköpun og vinátta

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	7
Umbótaáætlun Græna deild.....	
Umbótaáætlun Rauða deild.....	
Umbótaáætlun Bláa deild.....	
Umbótaáætlun Gula deild.....	
3 Ytra mat	11
4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	12
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	12
6 Foreldrasamvinna	13
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	13
8 Fylgigögn.....	14
8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	18



Leiðarljós leikskólans: *Gleði, sköpun og vinátta*

Barn sem hefur sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu verði virkur þátttakandi í að velja og hafa áhrif á nám og umhverfi sitt.

- Að barnið öðlist sjálfsöryggi (það sem barnið er) og sjálfstraust (það sem barnið lærir) og að þetta tvennt haldist í hendur.
- Að barnið öðlist virðingu og viðurkenningu og læri að treysta á eigin verðleika.
- Að barnið finni öryggi, kunni að sýna frumkvæði og að taka tillit til annarra.
- Að barnið öðlist færni í að þekkja sínar eigin tilfinningar og skoðanir, setja öðrum mörk og að koma þeim á framfæri og taka á móti skoðunum annarra.
- Að barnið öðlist færni, leikni og getu til að afla sér nýrrar þekkingar, tækifæra til breytinga og að hafa áhrif á námsumhverfi sitt.
- Að barnið finni að það sé virkur þátttakandi í að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem auka hæfni í mótun sjálfsmyndar.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfsáætlun Gullborgar 2020-2021 miðast af því að vinna með sömu viðmið og sett voru fram í starfsáætlun síðasta vetrar. Ekki tókst að fylgja þeim öllum eftir vegna verkfalls Eflingar í febrúar og fram í mars og heimsfaraldurs Covid-19 frá því í febrúar. Þau viðmið sem við höfum ekki náð að öllu leyti eru betrumbætt starfsmannaaðstaða, að auka enn frekar við vellíðan starfsmanna og móttaka nýrra starfsmanna. Einnig settum við inn í umbótaáætlun þá þætti sem hafa verið í umræðu í nokkurn tíma eins að innleiða Barnasáttmálann, Könnunaraðferðina og 10 mín regluna. Betur bæta einstaklingsnámskrá, ferilmöppur barna og skapandi starf yngstu barna leikskólans.

Haustönnin 2019 gekk mjög vel og var mest unnið að því að innleiða nýju menntastefnuna í samstarfi með Grandaborg og Ægisborg og sá fræðslusetrið KVAN um að fræða okkur um sjálfsefningu barna samkvæmt umbótaáætluninni. Afraksturinn af því samstarfi er verkfæri sem starfsmenn vinna með inn á deildum til að meta og vinna að sjálfsefningu og sjálfsmynd barna í leik og starfi. Þetta samstarf heldur áfram næsta vetur. Einn sameiginlegur skipulagsdagur er áætlaður í næsta haust og mun hann innihalda fræðslu og innleiðingu á Barnasáttmálanum í þessa leikskóla. Einnig munum við fá fræðslu um skapandi starf yngstu barna leikskólanna.



Við munum vinna enn frekar að bættri líðan og starfsumhverfi barna og starfsmanna. Sem dæmi þá hafa loftgæði verið bætt á Grænudeild með því að setja gólfhita í gólfíð og markmiðið er að setja það á allar deildir og ennþá stendur til að betrubæta vinnuaðstöðu starfsmanna. Það verður gert með því að því að færa hana þangað sem yngsta deildin er og sú deild færir yfir í starfsmannaaðstöðuna. Það mun svo stuðla að fækkun barna í skólanum næsta vetur. Áætlun er svo að stækka Gullborg um eina deild haustið 2021 með því að setja 2 leikskólastofur á bílastæðið við Gullborg, fjöldi barna mun þá aukast um 30 börn.

Ferilmöppur barna verða endurmetnar til að standast viðmið um gæðastarf á mati á námi og velferð barna.

Einstaklingsnámskrár barna verða endurmetnar til að standast viðmið um gæðastarf á leikskóla án aðgreiningar og leikskóla margbreytileikans.

Ekki get ég annað gert en að skrá í þessa greinagerð þau frábæru viðbrögð og vinnubrögð sem starfsmenn leikskólans urðu að vinna úr þegar verkfall Eflingar skall á og líka í Covid-19 faraldrinum. Þeim til hróss þá var alltaf litið á þetta sem verkefni sem þurfti að vinna. Samstaða starfsmanna var alltaf til staðar og góð samvinna innan hópsins. Líðan barnanna var oftast góð en það voru sum börn sem áttu erfitt með að koma í leikskólann þegar þau fengu aðeins að koma 1 dag í viku. Mörg börn fengu hins vegar óskerta þjónustu bæði í verkfallinu og líka í faraldrinum vegna forgangs. Þau nutu sín í að vera í litlum hópum og með nóg af starfsfólki. Það sýndi okkur hversu mikilvægt það er að hafa börn í litlum hópum með nóg af starfsfólki. Styrkleiki okkar í Gullborg er samhentur starfsmannahópur sem vinnur mjög vel saman og eflir sig í starfi hvað sem á dynur.

Leikskólinn fagnar 30 ára afmæli á þessu ári. Júní mánuður var afmælistánuður í Gullborg, börn og starfsmenn héldu margar afmælishátíðir. Börnin vildu halda upp á afmælið með söng, köku, grilli, veislu út í garði, afmælisteikjum, mála úti í garði, drullumalla og gera kórónu. Starfsmenn gerðu sér glaðan dag fyrir utan vinnutíma. Foreldrar ætla að halda afmælisteikju í ágúst. Til gamans má geta þess að meðal starfsaldur starfsmanna í Gullborg er 9 ár sem segir ýmislegt um starfið í Gullborg. Ég vil þakka öllum börnum, starfsmönnum og foreldrum sem hafa lagt okkur lið til að gera leikskólann að því sem hann er í dag.

Umbótaáætlun Gullborgar 2020-2021

Umbót a og Matsþ áttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Uppeldi og menntastarf							
Auka starfsá nægju og vellíða n	Að starfsfólk sé ánægt í vinnunni.	Fylgja eftir starfsman nastefnu, fræðslu, hópefli, samtöl og gera hvern dag ánægjuleg ri. Unnið markvist með niðurstöð ur úr starfsman nakönnun frá janúar 2020.	Leikskólastjór n endur og starfsfólk	Maí 2020	Á alltaf við	Umræðuh ópar og niðurstöðu r ræddar og sameiginle g niðurstaða tekin. Starfsman nakannanir	Að 90% starfsfólk sé ánægt í vinnunni og allir finni til ábyrgðar
Vinnua ðstaða og starfsa ðstaða	Að fá betri vinnuaðst öðu og starfsaðst öðu fyrir starfsfólk	Samþykkja teikningar og fá framkvæ mdir unnar sem fyrst í samstarfi við SFS	Leikskólastjór nendur	Maí 2020	Nóve mber 2020		Að vinnuaðstaða og starfsaðstaða verði mun betri fyrir alla starfsmenn
Móttá ka nýrra starfsf ólks	Taka betur á móti nýju starfsfólk	Endurskoð a móttökuá ætlun nýrra starfsman na	Leikskóla stjórnendur	Ágúst 2020	Janú ar 2021	Starfsman nakönnun hvað má gera betur í áætluninni	Að allir starfsmenn fái sömu móttökur þegar þeir byrja í leikskólanum
Feril möppu r barna	Að ferilmapp a barns sýni náms og þroskaferli	Samræma starfsaðfe rðir, markmið og leiðir við gerð	Allir starfsmenn	Ágúst 2020	Ágús t 2021	Endurmat með börnum, kennurum og foreldrum	Námsferill og þroski barna sé sýnilegt fyrir börnum, kennurum og foreldrum



	Þess í leikskólanum	möppunnar					
Einstaklings námskrá	Einstakling snámskrá sýni styrkleika, áhuga og virkni barns sem hægt er að meta og greina	Endurskoðaða verklag og markmið	Allir kennarar, börn og foreldrar	Ágúst 2020	Ágúst 2021	Endurmat barna, foreldra og kennara	Einstaklingsnámskrá barns sýni styrkleika, áhuga og virkni barns í leikskólastarfi.
Könnun aðferðin	Könnunar aðferðin er notuð í öllu starfi leikskólans	Innleiða könnunar aðferðina	Allir kennarar	Septembar 2020	Á alltaf við	Endurmat barna, kennara og foreldra	Allir kennarar noti og þekki vel könnunaraðferðina í starfi með börnum
Innleiðing Barnasátt máls	Innleiða Barnasátt mállann inn á eldri deildar	Fyrirlestur á sameiginlegum skipulagsdegi 27.nóvember	Allir kennarar elstu barna í Gullborg, Grandaborg og Ægisborg	Nóvember 2020	Á alltaf við	Endurmat með börnum, kennurum og foreldrum	Gullborg sé viðurkenndur réttindaskóli UNICEF
Skapan di starf yngstu barna	Að gera starfið með yngstu börnunum markvissara og eftirsóknarvert fyrir kennara	Sameiginleg fræðsla á skipulagsdegi 27 nóvember. Önnur fræðsla sem hægt er að nýta sér	Allir kennarar elstu barna í Gullborg, Grandaborg og Ægisborg	Nóvember 2020	Á alltaf við	Endurmat með börnum, kennurum og foreldrum	Starf með yngstu börnum sé skapandi og eftirsóknarvert fyrir kennara
Að starfs menn tileinki sér 10 mín regluna	Fylgja eftir skráninga blaði og það endurmetið reglulega á fundum	Kynning og upprifjun á deildarfundum	Allir starfsmenn, sérkennslustjóri og tengiliður barna af erlendum uppruna	Ágúst 2020	Á alltaf við	Endurmat að vori 2021	Allir starfsmenn nota 10 mín regluna. https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_s_kjol/allir_med/tiu_minutna_reglan_0.pdf



2 Innra mat deilda

Græna deild

Vinnur áfram með viðmið síðasta vetrar og innleiðir Barnasáttmálann.

Umbótaþáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldi og menntastarf							
Innleiðing Barnasátt málans	Innleiða Barnasáttmálann inn á eldri deildar	Fyrirlestur á sameiginlegum skipulagsdegi 27.nóvember	Allir kennarar elstu barna í Gullborg, Grandaborg og Ægisborg	Nóvember 2020	Á alltaf við	Endurmat með börnum, kennurum og foreldrum	Gullborg sé viðurkenndur réttindaskóli UNICEF

Rauða deild

Vinnur áfram með þau viðmið sem sett voru á síðasta ári.

Umbótaþáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldi og menntastarf							
Skipulag náms og námsaðstæður	Vinna með einkunnarorð leikskólans, gera þau sýnileg.	Einkunnarorðin eru Gleði, Sköpun og Vinátta. Setja þau inn á logoið okkar á sem við erum með rafrænt. Hafa þau sýnileg inn á deild	Allir	Des '20	Á alltaf við	Eftirfylgni, athuga hvort deildar eru komnar með orðin upp. Eru þau komin upp í glugganum?	Að 90% foreldra, starfsmanna og barna þekki og viti hver einkunnarorðin okkar eru.
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulagningu starfsins.	Leitast eftir hugmyndum barnanna, áhugi þeirra umræður á barnafundum.	Allir	Septemb er '20	Á alltaf við	Með skráningu í deildarþók.	Að börnin komi að skipulagningu starfsins og allar raddir heyrast. Hugmyndir barnanna og val. Tekið er tillit til þroska og aldurs barnanna.



	Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda.	Samræma starfsaðferðir starfsfólks svo allir vinni að sama markmiði. Barnafundir haldnir reglulega með börnunum þar sem börnin fá tækifæri til að koma sínum hugmyndum á framfæri.	Deildarstjóri	Septemb er '20	Á allta f við	Samtöl og leiðbeiningar á deildarfundum . Skráningar á veggjum deildarinnar. Skráð í deildarboðin.	Ein samvera á viku þar sem börnin ráða viðfangsefninu. Þau skiptast á og halda utan um skráningar í samstarfi við starfsmann.
Námssvið leikskólans	Unnið er að því að efla læsi barna (s.s. læsi á tækni, umhverfi, samskipti, menningu, tákni, myndmál, ritmál og tölur).	Sjónrænt skipulag fyrir börnin. Sjónrænar leiðbeiningar.	Deildarstjóri	Janúar '20	Á allta f við	Rýnt í árangur á deildarfundum.	Reglur deildarinnar séu sjónrænar. Enn meira af efniviði uppi á vegg sem stuðlar að læsi barna.
Leikskóli án aðgreiningar/leikskóli margbreytileikans	Jöfn hlutdeild allra barna birtist í starfi á deildum.	Ákveðin skráningarblöð eru á vegg þar sem fylgst er með þátttöku barna í starfi. Fjölga þáttum sem fara á þessi skráningarblöð. Vera með þjóna dagsins, fataklefastjóra og fleiri hlutverkum	Deildarstjóri	Janúar '20	Á allta f við	Skrá á skráningarblöð sem hanga uppi á vegg inni á deild.	Að hlutdeild barnanna verði enn meiri í verkefnum innan deildarinnar/leikskólans.



Bláa deild

Vinnur áfram með þau viðmið sem sett voru á síðasta ári.

Umbótaþáttur / Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldi og menntastarf							
Skipulag náms og námsaðstæður	Vinna með einkunnarorð leikskólans, gera þau sýnileg.	Einkunnarorðin eru Gleði, Sköpun og Vinátta. Setja þau inn á logoið okkar á sem við erum með rafrænt. Hafa þau sýnileg inn á deild (skrifa þau upp á vegg. Sýnileg	Allir	Des 18'	Mai 2021	Eftirfylgni, athuga hvort deildar eru komnar með orðin upp. Eru þau komin upp í glugganum?	Að 90% foreldra, starfsmanna og barna þekki og viti hver einkunnarorðin okkar eru.
Lýðræði barna	Börnin hafi áhrif á val viðfangsefna í skipulögðum stundum	Samræma starfsaðferðir, Barnafundur. Börnin koma sínum hugmyndum á framfæri og kennarar taka tillit til þeirra	Deildarstjóri og allir starfsmenn	September 2020	Á alltaf við	Samtöl og leiðbeiningar deildarfundum Skráningar	Sýnilegt að lýðræði barna á deildinni og öll börn þekki lýðræðisleg vinnubrögð
Læsi	Efla læsi barna almennt og einnig tækni, umhverfi, samskipti, menningu, tákn, myndmál, ritmál og tölur	Skráningar sýnilegar, ferilmöppur Sjónrænt upp á vegg fyrir börnin	Allir starfsmenn	Ágúst 2020	Á alltaf við	Rýnt í árangur á deildarfundum og skráningar í deildarbók	Allir vinna að læsi barna
Skráningar	Að skráningar á námi barna séu sýnilegar og notaðar í uppeldislegum tilgangi	Skráningar sýnilegar, ferilmöppur Sjónrænt upp á vegg fyrir börnin	Allir starfsmenn	Ágúst 2020	Á alltaf við	Farið yfir skráningar og notaðar í uppeldislegum tilgangi, sýnilegt foreldrum og börnum, notað í foreldraviðtölum	Allir starfsmenn noti skráningar á námi barna



Gula deild

Vinnur áfram með þau viðmið sem sett voru á síðasta ári.

Umbótaþáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla forvitni barna á náttúrunni	Bjóða börnum upp á fjölbreyttri reynslu, bæði inn á deild og í útiveru. Vekja athygli barna á fyrirbæri í nærumhverfi þeirra.	Allar skipulegar stundur verða til að efla forvitni barnanna	Starfsfólk deildar	Júní 2020	Á alltaf við	Safna skriflegum og myndrænum skráningum af athugunum og rannsóknnum barna.	Aukin virkni barna og áhugi á náttúrunni.
Félagsþroska	Efla jákvæð samskipti og umburðarlyndi og samhug milli barna.	Kenna börnum að setja mörk. Lesi bækur um tilfinninga, setja orð á tilfinninga barna. Nýta markvíst orðin hjálpa og hugga.	Deildarstjórinn í samstarfi við starfsfólk.	Júní 2020	Des. 2020	Rýna í samskiptum barna í frjálsum leik. Skráningar á hegðun og líðan barna í leik og hópstundum Líðan barna rætt á deildarfundum	Vellíðan barna í leik og starfi. Aukinni hjálpsemi og eftirtekt á líðan annara barna í hópnum.
Málþroska	Efla orðaforða barna á markvissari hátt	Grunnorðaförð flokkaður og flétt markvisst í öllu starfi. Hvort sem um er að ræða lubba stundir, tákn með tali bókalestri og söngvar.	Starfsfólk deildarinnar	Júní 2020	Des 2020	Athugun á samskiptum barna. Skráningar á framförum barna samskipta örðugleika	Aukinni málþroska og samskiptahæfni barna.



3 Ytra mat

Reykjavíkurborg sendir á hverju ári út viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Tilgangurinn með viðhorfskönnuninni er að fá fram viðhorf starfsfólks til ýmissa þátta, svo sem starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Reykjavíkurborg sendir könnunina á netföng allra starfsmanna og henni því svarað rafrænt. Könnunin er nafnlaus og engum er skylt að taka þátt en allir hvattir til þess. Við úrvinnslu er þess að sjálfsögðu gætt að engin leið sé að rekja svör til fámennra hópa eða einstaka þátttakenda og farið verður með öll gögn sem trúnaðarmál.

Styrkleikar

Niðurstöður úr starfsmannakönnun frá janúar 2020 voru að starfsánægja, árangursríkir stjórnunarhættir, hvetjandi, starfsmannaaðstaða og jákvætt starfsumhverfi hækkuðu úr 4,18 í 4,44 (hæsta skor er 5)

Hæfir og áhugasamir starfsmenn standa í stað. Hæfilegt vinnuálag, starfsmannastöðuleiki og sveigjanleiki í starfi er undir meðallagi. Einn sagðist hafa orðið fyrir áreitni í orðum. Það sem vekur eftirtekt er að aðeins 10 starfsmenn af 24 svöruðu þessari könnun. Það er eitthvað sem við höfum ekki séð áður og er vert að skoða nánar.

Tækifæri til umbóta

Hvetja kennara til að svara könnunum og sýna fram á að það hafi áhrif að taka þátt, auka enn frekar á starfsánægju, bæta enn frekar vinnuaðstöðu og vinnurými og taka mun betur á móti nýju starfsfólki.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Starfsánægja	Að starfsfólk sé ánægt í vinnunni.	Hópefli, samvera starfsfólks, gera dagleg störf ánægjuleg.	Janúar 2020 – Júní 2021	Leikskólastjórnendur og skemmtinefnd.	Hópefli, samtöl um ánægju og velliðan í starfi.	Að 90% af starfsfólki telji sig ánægt í starfi.
Vinnuaðstaða	Að fá betri vinnuaðstöðu á leikskólann.	Samþykkja teikningarnar og hefja framkvæmdir	???	Reykjavíkurborg		Að vinnuaðstaðan verði kláruð samkvæmt teikningunum.
Móttaka nýliða	Taka betur á móti nýju starfsfólki.	Endurskoða móttökuáætlun nýs starfsfólks.	Ágúst 2020 – júní 2021	Samstarf allra starfsmanna.	Meta hvað má gera betur í áætluninni.	Að allir starfsmenn fái sömu móttökur þegar þeir byrja á leikskólanum.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölin fara fram í janúar og febrúar ár hvert. Samtölin eru um 1 klst. og lögð áhersla á notalegt samtal yfirmans og starfsmanns. Farið er yfir veikar og sterkar hliðar starfsmanns í starfi og væntingar starfsmanns til starfsþróunar. Starfsmenn eru hvattir til að leita eftir námskeiðum eða ráðstefnum sem þeim finnst áhugaverð og sækja þau. Leikskólastjóri er líka duglegur að finna námskeið eða ráðstefnur sem tengjast starfi okkar á Gullborg og benda starfsfólki á þau/þær.

Símenntunaráætlun Gullborgar 2020-2021 er að öllu tengd nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Leikskólinn stefnir að því að nýta hluta af starfsdögum sínum á komandi ári í samstarfsverkefni með Grandaborg og Ægisborg. Við fáum fræðslusetrið KVAN til að vera með fræðslu fyrir okkur sem tengist sjálfsefningu barna og starfsmanna og fáum einnig utanaðkomandi fræðslu tengdri Barnasáttmálanum og sköpun yngri barna. Tveir starfsdagar eru helgaðir þessu samstarfsverkefni og menntun og fræðslu fyrir kennara. Fræðsla sem skóla- og frístundarsvið býður upp á sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við leikskólana Grandaborg og Ægisborg er að mestu tengt nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Áætlað er að þessi þrír leikskólar vinni saman í að auka sjálfsefningu barna og starfsmanna. Samstarf þessara 3ja leikskóla; Gullborgar, Grandaborgar og Ægisborgar við Grandaskóla hefur minnkað því miður en vonandi tekst okkur að vekja þetta samstarf aftur að nýju. Áætlun er að hafa mun meiri samskipti milli elstu barnanna í leikskólunum og yngstu barna Grandaskóla þar sem meiri hluti þessara barna munu sækja hann að lokinn útskrift. Er þar sérstaklega verið að horfa í félagsfærni barna.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Heimsóknir elstu barna í Grandaborg, Gullborg og Ægisborg	Að börnin hittist og kynnist áður en þau hittast í Grandaskóla að hausti	Heimsóknir og skipulagður samleikur	Janúar til maí 2021	Deildarstjórar elstu deilda leikskólanna þriggja	Maí 2021	Gert- ógert og mat deildanna að vori. (Metið í hverjum leikskóla fyrir sig og dregið saman)
Upplýsingaflæði milli Grandask, Grandaborgar Gullborgar og Ægisborgar	Að auðvelda barni (og kennurum) starfið í upphafi grunnskólagöngu.	Samstarfs-teymi skólanna hittist og sammælist um form á skilum.	September 2020- maí 2021.	Stjórnendur skólanna	Maí 2020	Lokið eða ólokið. Tekið fyrir á samstarfs-fundi að vori.



6 Foreldrasamvinna

6.1 Foreldraráð

Í Gullborg er starfandi foreldraráð samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélags Gullborgar á haustin og skulu að lágmarki sitja þrír foreldrar í ráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir um hlutverk og markmið leikskóla og nefnda sbr. 2. mgr. 4. gr., úr Aðalnámskrá leikskóla og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Starfsreglur ráðsins er að finna hér.

6.2 Foreldrafélag

Í Gullborg er starfandi foreldrafélag. Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi Gullborgar. Á kynningafundum fyrir foreldra á haustin eru kosnir 2 fulltrúar foreldra af hverri deild, þeir kjósa sér formann, gjaldkera og ritara. Leikskólastjóri og einn starfsmaður sitja fundina eftir þörfum. Stjórn foreldrafélagsins fundar síðasta miðvikudag hvers mánaðar, eða með tölvupóst samskiptum og Facebook. Markmið félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum barna, foreldra og starfsmanna og efla tengsl foreldra við leikskólann. Einnig að styðja við ýmis málefni varðandi starfsemina og standa að uppákomum sem eru börnum, foreldrum og starfsmönnum til gagn og gamans.

6.2 Foreldrafundir

Kynningafundur fyrir foreldra á leikskólastarfinu veturinn 2020-2021 verða dagana 28.september til 1.október frá kl. 9.30-10.30. Við ætlum að breyta fyrirkomulagi funda með því að setja upp stöðvar með leikefni, verkefnum og öðru sem hver deild leggur áherslu á. Foreldrar geta þá betur sett sig í spor barnanna sinna og kynnt sér efnivið og verkefni sem fram undan eru hjá börnunum. Leikskólastjóri, deildarstjóri og aðrir starfsmenn svara fyrirspurnum foreldra í formi skemmtilegra umræðna.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagur 24.ágúst (skólasetning í Grandaskóla)

Skipulagsdagur 21.október

Skipulagsdagur 27. nóvember (sameiginlegur Grandaborg og Ægisborg)

Skipulagsdagur 4.janúar (jólafri í Grandaskóla)

Skipulagsdagur 12.febrúar

Skipulagsdagur 10.maí (sameiginlegur skipulagsdagur leikskóla, grunnskóla og frístund um

Menntastefnu 2030

[leikskóladagatal 2020-2021.xls](#)

7 Fylgigögn

Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning 2019-2020

Vinna með sömu viðmið og sett voru fram á síðasta ári

Vísibending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1.	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	10	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	2	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Nei	Haust 2021
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Nei	Haust 2021
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	MML, Túlkaþjónusta,
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



Niðurstöður innra mats

Innra mat sérkennslunnar er metið út frá niðurstöðum ytra mats haustið 2018 og á alltaf við og þarf eftirfylgni.

Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik: Það hefur gengið nokkuð vel að leggja áherslu á að íhlutun fari fram í hinu daglega starfi og er gott samstarf milli sérkennslunnar og deildanna.

- **Styrkleikar:** Íhlutun fer að mestu fram í daglegu starfi inni á hverri deild. Málörvun fer fram að miklu leyti fram inn á deildum og einstaklingsvinna með hverju barni.
- **Tækifæri til umbóta:** Bæta mætti skráningar. Notkun á málörvunarbók er en þá ekki komið í gang og skráningar á einstaklingsvinnu inn á deild er ábótavant.

Við ætlum því að halda áfram með þennan umbótaþátt og reyna bæta okkur í skráningum.

Einstaklingsnámskrár verði gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning: Nokkuð vel hefur gengið að gera einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérstakan stuðning. Öll börn sem eru með sérstakan stuðning voru komin með einstaklingsnámskrá í janúar en það hefur ekki gengið jafn vel að endurskoða þær og áætlun var.

- **Styrkleikar:** Börnin sem eru með sérstakan stuðning eru komin með námskrár. Ekki hefur gengið jafn vel að endurskoða námskrárnar eins og áætlun var. Einstaklingsnámskrárnar eru ekki á sameign þar sem allir geta nálgast þær.
- **Tækifæri til umbóta:** Endurskoða einstaklingsnámskrárnar á 8 vikna fresti í stað 6 vikna.

Foreldrar komi að gerð og endurmati á einstaklingsnámskrá barnsins: Það hefur gengið mjög vel að vera í samstarfi við foreldra við gerð einstaklingsnámskrá barnsins. Foreldrar eru með á teymisfundum og fá þar vettvang til að koma að gerð og endurmati á einstaklingsnámskrá barnsins. Við teljum þessum þætti því lokið í bili.

Starfsfólk fær upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámskráa: Það hefur gengið ágætlega að framfylgja þessum umbótaþætti. Einstaklingsnámskrár eru ræddar á deildarfundum. Það er fer hins vegar rosalega eftir hverri deild hvernig gengur að ræða einstaklingsnámskrár þeirra barna sem eru með stuðning.

Umbótaþættinum er varðar sérkennslustjóra og sérkennsluna teljum við því náð en hver og ein deild mætti muna betur eftir að fara yfir þær upplýsingar sem eru til staðar.



Farið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávík hjá barni og eru þeir skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum: Í Gullborg er farið eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávík hjá barni. Ferlarnir eru skýrir en mættu vera aðgengilegri fyrir allt starfsfólk.

- **Styrkleikar:** Til eru ákveðnir ferlar sem farið er eftir. Flest allt starfsfólk veit af þessum ferlum og kunna þá. Ferlarnir eru aðgengilegir starfsfólki á sameiginlegu svæði.
- **Tækifæri til umbóta:** Tryggja þarf að allt starfsfólk þekki verkferlana og viti hvert þeir eigi að leita ef þeir eru í einhverjum vafa.

Mati, úrræðum og verkefnum er fylgt eftir með skipulögðum hætti: Nú eru komnir af stað föstudagsfundir sem eru sérkennarar og deildarstjórar. Þar eru stuðningsbörn rædd og einnig þau börn sem eru í ferli. Farið er yfir stöðuna og hvað er hægt að gera og hvað hefur verið gert. Reglulegir fundir eru hjá stuðnings starfsmönnum en eins og staðan er í húsinu í dag eru aðeins tvö börn skráð með stuðning. Þessum þætti hefur verið vel fylgt eftir og teljum við því ekki þörf á frekari umbótum í bili.

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Skráningar á íhlutun og málörvun.	Að skrá í þar til gerða málörvunarbók alla málörvun sem á sér stað inn á deild.	Hafa til málörvunarbók og minna alla á að skrá niður.	Ágúst 2020 – júní 2021	Deildarstjórar og sérkennslustjóri.	Endurmetið í júní á næsta ári. Farið yfir skráningar í málörvunarbókinn i.	Að málörvun og einstaklings vinna sem fe fram inn á deildum sé skráð.
Endurmat á einstaklingsnámskrá m barna með sérstakan stuðning.	Að endurmeta einstaklingsnámskrárn ar innan viðráðanlegum tímaramma.	Bjóða sérkennslustjóra á deildarfundum á þeim deildum þar sem börn eru með sérstakan stuðning á 8 vikna fresti og yfir fara námskránn.	Ágúst 2020 – júní 2021	Deildar- stjórar og sér- kennslu- stjóri.	Endurmetið í júní 2021. Hvernig hefur gengið að halda fundi og yfir fara námskrár.	Að einstaklingsnámskrá barns með sérstakan stuðning sé endurmetin 8 vikna fresti.
Allt starfsfólk þekki þá verkferla sem fara á eftir ef grunur vaknar um frávík hjá barni.	Að allir starfsmenn leikskólans þekki til þessara verkferla og fari eftir þeim.	Hver deildarstjóri kynni verkferlana fyrir starfsmönnum sínun. Verkferlarnir settir inn í starfsmannahand bók Gullborgar.	Júlí 2020 – júní 2021	Deildar- stjórar, vefsíðu-stjóri og leikskólastjór- n-endur.	Endurmetið í júní 2021 og séð hvernig gengur.	Að 95% starfsfólks þekki verkferlana og viti hvar þ er að finna.

Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vinna með sömu viðmið og sett voru fram á síðasta ári 2020-2021

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	



7.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Starfsáætlun 2020 – 2021

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX

XXXXX XXXXXXXX

XXXXX XXXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla



Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi



Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Umsögn foreldraráðs Gullborgar um starfsáætlun 2020-2021

Starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2020-2021 endurspeglar um margt þær óvenjulegu aðstæður sem ríkt hafa í samfélaginu á árinu 2020. Á fyrri hluta ársins var verkfall Eflingarstarfsmanna og í kjölfarið skert starfsemi sökum sóttvarnarráðstafana vegna COVID 19. Þetta orsakaði það að hefðbundið skólastarf sat að miklu leyti á hakanum og er því í starfsáætlun leikskólans haldið áfram frá því sem horfið var áður en fyrrgreindar raskanir áttu sér stað.

Umbótaáætlun leikskólans tekur til þátta líkt og starfsánægju, bættrar starfsmannaaðstöðu, nýliðamóttöku, einstaklingsnámskráa, innleiðingu Barnasáttmála SP o.fl. Allt eru þetta mikilvægir þættir sem gott er að sjá að teknir verða föstum tökum og mikilvægt er að fylgja eftir.

Sökum röskunar á skólastarfi einkennist innra matið að miklu leyti af sömu þáttum og fjallað var um í starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2019-2020. Eru þeir settir upp með skýrum hætti þar sem ábyrgðaskipting og viðmið um árangur koma skilmerkilega fram.

Gleðilegt var að sjá að nokkur hækkun var í mörgum þáttum sem kannaðir voru á meðal starfsmanna. Áhyggjuefni er hversu lítil þátttaka var og er það ávarpað í áætluninni sem og hvernig tekið skal á þeim þáttum sem má bæta.

Símenntunaráætlun leikskólans tengist að öllu leyti nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar og er ánægjulegt að sjá áframhaldandi samstarf við aðra leikskóla í hverfinu. Í því samstarfi sér utanaðkomandi aðili um fræðslu sem tengist sjálfseflingu barna og starfsmanna. Mikilvægt er að efla þessa þætti og er ákjósanlegt að það sé gert með gagnreyndum aðferðum sem byggja á rannsóknum. Það er miður að sjá að samstarf þessara leikskóla við grunnskólann Grandaskóla hefur minnkað og er það von foreldra að það aukist og dafni að nýju. Rætt er um áætlun um samskipti elstu barnanna í leikskólanum við yngstu börn Grandaskóla og verður því vonandi fylgt á eftir.

Foreldraráðið tekur sem fyrr undir þær áherslur sem fram koma í áætluninni. Áfram er þó bent á að áhugavert væri, þegar tækifæri gefst til, að taka með kerfisbundnum hætti inn í starf leikskólans þætti eins og fjölbreytta hreyfingu, ögrandi og krefjandi útivist og slökun og hvíld sem getið er um í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011. Ekki er vanþörf á í nútímasamfélagi að kenna börnum að takmarka ytra áreiti og þróa tilfinningagreind og -stjórnun.

Í umsögn foreldraráðs vegna starfsáætlunar síðasta skólaárs kom fram að helstu áskoranir næstu ára væru úrbætur á starfsmannaaðstöðu og fækkun plássna þrátt fyrir fyrirsjáanlega fjölgun barna í hverfinu. Áhyggjur ráðsins hafa síst minnkað í kjölfarið á að því er virðist algjöru skipulagsleysi borgaryfirvalda hvað húsnæðismál leikskólans og fjölgun leikskólaplássna varðar. Endurspegladist það í því að ekki reyndist unt að taka ný börn inn í leikskólann haustið 2020 og starfsmenn gáfu út yfirlýsingu um að þeir íhuguðu uppsögn vegna bágrar aðstöðu og engra breytinga á húsnæði þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir Vinnueftirlitsins árum saman. Tillaga skóla- og frístundasviðs að lausn við þessu ástandi var að færa eina deild út af leikskólanum mánuðum saman á meðan framkvæmdir stæðu yfir. Framkvæmdir sem áttu að gerast í sumar en ekki varð af. Engar haldbærar skýringar hafa fengist á því vikleysi. Eftir miklar umleitanir náðist að stöðva þá aðgerð að senda börn af leikskólanum og var lausn borgaryfirvalda við ástandinu að fresta framkvæmdum. Í ljósi losarabags á öllu því er varðar utanumhald með nauðsynlegum húsnæðisbreytingum verður það helsta verkefni foreldraráðs næsta árið að fylgja því eftir að lofaðar framkvæmdir verði gerðar og það tímanlega. Án bættrar aðstöðu vantar þá nauðsynlegu umgjörð sem börn og starfsfólk þurfa til að fylgja metnaðarfullri starfsáætlun eftir.

Að lokum vill foreldraráðið þakka leikskólastjóra og starfsmönnum öllum kærlega fyrir vel unnin störf við krefjandi aðstæður síðastliðinn vetur og fyrir að halda uppi faglegum metnaði og jákvæðu hugarfari þá sem endranær.

f.h. foreldraráðs Gullborgar

Heiður Margrét Björnsdóttir

Þórhildur Halldórsdóttir

Hildur Droplaug Pálsdóttir

Stefán Karl Kristjánsson